

Málsnr.: R18060141
Skjalasafn Ráðhúss
21. ágú. 2019
Bréfalykill: 100



Reykjavíkurborg
Helga Björk Laxdal
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ


Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 8. ágúst 2019
Tilv.: SRN19060109/4.10.2

Með bréfi þessu staðfestir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið siðareglur fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem því voru sendar 19. júní 2019. Hjalagt eru siðareglurnar, staðfestar með stimpli ráðuneytisins, dagsetningu og undirskrift.

Ráðuneytið minnir á ákvæði 2. mgr. áðurnefndarar greinar sveitarstjórnarlaganna þar sem kveðið er á um opinbera birtingu siðareglanna á vefsíðu sveitarfélagsins eða á annan sambærilegan hátt. Þá telur ráðuneytið rétt að í þeirri birtingu komi fram staðfesting ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfestar siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

SÍÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg

1. Við vinnum fyrir fólkið í borginni og pössum upp á Reykjavík sem heimili komandi kynslóða.
2. Við erum heiðarleg, ábyrg, og sýnum gott fordæmi í okkar störfum.
3. Við kynnum okkur málin og mætum undirbúin til starfa.
4. Við segjum satt en gætum trúnaðar þegar trúnaður þarf að ríkja.
5. Við veitum almenningi og fjölmiðlum nauðsynlegar upplýsingar.
6. Við hugum að því að það sé gott að vinna hjá Reykjavíkurborg.
7. Við förum vel með fjármuni borgarinnar og eignir hennar.
8. Við virðum margbreytileikann og vinnum gegn hvers kyns fordómum.
9. Við sýnum kurteis, tillitsemi og virðum einkalíf annarra.
10. Við biðjumst afsökunar á mistökum og hlýðum á afsökunarbeiðnir.
11. Við erum meðvituð um að við höfum ólíkar skoðanir.

Samþykkt á fundi borgarstjórnar 18. júní 2019

